

Alþingi
Erindi nr. P 131/1642
komudagur 27.4.2005



Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

26. apríl 2005

Efni: Umsögn um 732. mál, þingskjal 1094.
„Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996,
um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.“

Landssamband smábátæigenda (LS) styður framkomið frumvarp.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að horfið verði frá því að skylt sé að halda meðafla séraðgreindum við uppsjávarveiðar. Verður að telja það skynsamlega ákvörðun þar sem slíkt er nánast óframkvæmanlegt. Í greininni er skýrt kveðið á um að meðafli reiknist til aflamarks viðkomandi fiskiskips. Það er mat LS að þarna sé verið að koma til móts við samþykkt félagsins frá 20. aðalfundi þess sl. haust sem var eftirfarandi:

„Aukaafli við kolmunnaveiðar lúti sömu reglum og umframafli

Landssamband smábátæigenda krefst þess að böndum verði komið á takmarkalausán aukaafli við veiðar á kolmunna. Á sama tíma og trillukörlum er refsað miskunnarlaust fyrir einn fisk veiddan umfram aflaheimildir, landa kolmunnaskipin þúsundum tonna af bolfiski til bræðslu.“

Þá skal bent á greinarskrif undirritaðs í Fiskifrétum um það efni sem 1. gr. fjallar um. Nálágast má greinina „Meðafla við kolmunnaveiðar“ á heimasíðu LS, undir slóðinni: <http://www.smabatar.is/frettir/2004/08/20/326.shtml>

Virðingarfyllt

f.h. Landssambands smábátæigenda

Örn Pálsson framkvæmdastjóri